

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju, sunnudaginn 7. júlí mun Guðný Einarsdóttir leika á orgel Akureyrarkirkju. Guðný er einn af Íslands bestu orgelleikurum í dag en hún stundaði nám í Kaupmannahöfn og París. Undanfarin ár hefur hún leikið reglulega á orgel Hallgrímskirkju í tónleikaröðinni „Alþjóðlegt orgelsumar”, leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Ísland og leikið á tónleikum með fjölda annarra tónlistarmanna auk þess að leika inn á hljómdiska.

